

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 17. desember 2015
UST201512-077/K.S.J.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Hótel og tengd starfsemi - Orustustaðir

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 9. desember sl. þar sem óskað er umsagnar um hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin hótel Stracta að Orustustöðum skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ofangreint hótel Stracta og tengdar framkvæmdir eru áætlaðar um 7.000 m² og með 200 herbergjum. Fyrirhugað er að reisa hótelið í landi Orustustaða á 15 ha svæði. Framkvæmdin felur í sér byggingu 200 herbergja hótel, starfsmannahús í þremur lengjum, uppbyggingu aðkomuvegs sem er 1,7 km og efnistökusvæði.

Náttúruminjar

Í umfjöllun um votlendi er vitnað í lög um náttúruvernd nr. 44/1999 um að mýrar og flóar 3 ha að stærð eða stærri njóti verndar. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að þann 12. nóvember s.l. tóku gildi lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 57. gr. laga nr. 60/2013 er fjallað um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja og þar kemur fram að votlendi svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² að flatarmáli eða stærri, njóti sérstakrar verndar.

Verndarsvæði fugla

Eins og fram kemur í skýrslu er mikið fuglasvæði suður af áætluðu framkvæmdasvæði. Þar verpa sjaldgæfar fuglategundir m.a. þórshani. Í Evrópu verpa þórshana aðeins á Íslandi og Svalbarða og skv. Bernarsamningnum ber að friða þá og vernda búsvæði þeirra sérstaklega. Mikilvægt er að vatnsbúskapur svæðisins verði ekki fyrir umhverfisáhrifum áætlaðra framkvæmda og er mikilvægt að fylgst verði með framkvæmdum til að framvinda verði örugglega í samræmi við það.

Umferð og bílastæði

Fram kemur í skýrslu að svokölluð C-leið hefur verið valin sem vegtenging frá Þjóðvegi 1 að hóteli. Umhverfisstofnun bendir á að leið C gerir ráð fyrir meiri röskun á ósnortnu svæði en yrði, ef aðrar leiðir yrðu valdar. Að mati Umhverfisstofnunar myndu allar veglínur hafa umhverfisáhrif á þessu ósnortna svæði. Að mati Umhverfisstofnunar eru umhverfisáhrif vegagerðar á svæðinu nokkuð ljós svo framarlega sem að allur frágangur vegagerðar verði þannig að lækir streymi undir veg og áfram suður

sléttuna og næri votlendi og fuglasvæði. Í skýrslunni kemur fram að að vegur verði 7 m breiður og lagður þannig að lindarvatn renni undir hann og í gegnum vegræsi þannig að ekki myndist fyrirstaða. Að mati Umhverfisstofnunar er mjög mikilvægt að í framkvæmdaleyfi væru sett skilyrði um að þannig verði framkvæmt og að þeir lækir sem í dag renna óhindraðir fram geri það áfram eftir veglagningu.

Umhverfisstofnun ítrekar að þar sem akvegur að hóteli er eini vegurinn á svæðinu, þá er allur akstur utan þess vegar utanvegaakstur og þar með óleyfilegur.

Efnistaka

Í skýrslu kemur fram að gert er ráð fyrir nýju efnistökusvæði og verður efnið notað í uppbyggingu á aðkomuvegi. Einnig kemur fram að áætlað efnistökusvæði verður á öröskuðu landi samtals 5000 m³. Áætlað er að loka efnisnámu eftir að framkvæmdum lýkur og að við frágang hennar verði búnað til tjarnir á svæðinu fyrir fugla. Umhverfisstofnun telur upplýsingar um viðkomandi námu ekki nægilega lýsandi. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma fram hve miklu yfirborði er áætlað að raska, og hvernig áætlað er að standa að myndun tjarna. Einnig ætti að koma fram hvort vatnsstaðan sé svo há að tjarnir myndast um leið og efnistaka fer fram. Umhverfisstofnun bendir á að deiliskipuleggja þarf efnistökusvæðið ásamt nærliggjandi umhverfi, þar sem fram kæmi aðkoma og svæðið sem áætlað er að efnistakan nái yfir ásamt endanlegum frágangi.

Fráveita

Í kafla 3.6 í tilkynningarskýrslu kemur fram að skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 þarf fráveita að vera hreinsuð með þriggja þrepa hreinsun. Fram kemur að frárennsli verður leitt í rotþró og þaðan í siturlögn. Ekki kemur fram hvert þriðja hreinsunarþrepið er en það gæti verið að hreinsa ólífrænar aukaafurðir, þar sem ólífræn efni sem myndast við niðurbrot á lífrænum efnum eru hentug næringarefni fyrir þörungum sem geta valdið mengun. Umhverfisstofnun telur að með þriðja stigi hreinsunar, ættu umhverfisáhrif frá fráveitu ekki að verða umtalsverð.

Að mati stofnunarinnar ætti að sýna rotþró á uppdrætti er fylgir skýrslunni.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að besta fánlega tækni verði notuð við fráveitu hótélrekstursins og að hreinsun verði viðunandi skv. heilbrigðisnefnd viðkomandi svæðis. Mikilvægt er að losunarmörk verði ákveðin svo ekki verði um næringarefnauðgun á svæðinu.

Sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun tekur undir að sjónræn áhrif af byggingum og bílastæðum koma til með að verða þar sem engar byggingar eru á framkvæmdasvæðinu og í nágrenni þess. Hótelið og tengdar framkvæmdir munu verða sýnilegar þar sem flatlent er á svæðinu.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar verða helstu umhverfisáhrif ofangreindra framkvæmda neikvæð sjónræn áhrif framkvæmda, þ.e. neikvæð áhrif vegna framkvæmda og starfsemi er hefur í för með sér umferð mörg hundruð manna um lítt snortið svæði. Neikvæð sjónræn áhrif verða af framkvæmdum er taka yfir 15 ha svæði.

Hvað varðar áhrif frá fráveitu, þá telur Umhverfisstofnun áhrifin fara eftir því hve vel verður að henni staðið. Ef þannig er gengið frá fráveitu að þriggja þrepa hreinsun skili næringarefnasnaudu frárennsli um siturlögn, verði ekki af fráveitu umtalsverð umhverfisáhrif.


Umhverfisstofnun telur að með því að haga vegagerð þannig að vatn flæði í sama mæli suður Brunasand verði umhverfisáhrif vegagerðar ekki umtalsverð


Að lokum

Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 þá skal við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að skv. 69. gr. laga nr. 60/2013 skal þess gætt við hönnun mannvirkja, að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri